

EFTIRLITSSKÝRSLA

Nesbik ehf Krossanes, Akureyri



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	5.10.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Nesbik ehf	Eftirlitsmaður	Einar Halldórsson
Heimili	Óseyri 8	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	681207-2520	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steindór Sigursteinsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu en ein athugasemd var gerð vegna þess að viðbragðsáætlun var ekki aðgengileg á staðnum. Hún hefur þó verið send eftirlitsaðila.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit til að fylgja eftir frávikum er fram kom við síðasta eftirlit er varðar að öryggisblöð voru ekki til staðar við eftirlit.

Eftirlitsaðili fékk afhenda möppu í eftirlitinu þar sem viðeigandi öryggisblöð voru til staðar og voru þau nýlega uppfærð.

Einnig hafði borist ábending um olíuslys er hafði átt sér stað í sumar og tilkynnt var til Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra. Skv. rekstraraðila var um lýsi að ræða sem fór niður við áfyllingarplan. Sjá mátti merki þess í mól við planið og á eftir að hreinsa það betur upp. Engin mengun hlaut af slysinu. Hins vegar kom í ljós að viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar var ekki aðgengileg á staðnum og bent er á að hún þarf að vera sýnileg og starfsmenn þurfa að þekkja til hennar. Viðbragðsáætlunin hefur verið send rekstraraðila.

Kvittanir fyrir hreinsun og losun olíuskilju voru sendar eftirlitsaðila með tölvupósti þann 9. okt. sl. Hreinsunin átti sér stað þann 18. júlí 2017 og var unnin af Hreinsitækni ehf.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við að viðbragðsáætlunin var ekki aðgengileg starfsmönnum í starfsstöð. Koma þarf áætluninni fyrir á sýnilegum stað og kynna þarf hana fyrir starfsmönnum fyrirtækisins svo allir hafi þekkingu á því hvernig skuli bregðast við mengunaróhöppum.

ANNAÐ

Bent er á að gera þarf mælinu á olíu í frárennsli að lágmarki þriðja hvert ár skv. gr. 3.5 í starfsleyfi og senda niðurstöðurnar til eftirlitsaðila.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 31.10.2017

Guðbjörg Stella Árnadóttir